



## Ársskýrsla eftirlaunadeildar 2019 – 2020

Vel var mætt á aðalfundur deildarinnar sem haldinn var í nóvember 2019. Formaður deildarinnar var endurkjörin Erla Bára Andrésdóttir og úr stjórn gekk Alda Særós Þórðardóttir.

Stjórn deildarinnar skipa nú,  
Brimrún Vilbergs, varaformaður  
Hrafnhildur Hámundardóttir, gjaldkeri  
Björg M. Sigurgeirsdóttir, ritari  
Hrefna Gunnlaugsdóttir, meðstjórnandi

Varamenn eru,  
Dagbjört Friðriksdóttir.  
Bjarnfríður Jóhannsdóttir  
María Þórarinsdóttir  
Ragnhildur Haraldsdóttir  
Magnús Sigurðardóttir

Í desember 2019 var jólakaffi og var vel mætt. María Siggadóttir las jólasögu og gestir fengu kaffi og meðlæti og einnig var happdrætti með mörgum fallegum vinningum. Um tónlist sá Gísli Þór Ragnarsson.

Á árinu 2020 voru fjórir stjórnarfundir sem flestir voru símafundir og formaður hefur haft tölvupóst- og símasamband við stjórnarkonur á starfsárinu.

Í apríl lést Ragnhildur Haraldsdóttir, blessuð sé minning hennar. Í október var streymisfundur frá SLFÍ sem ég tók þátt í og einnig Hrefna Gunnlaugsdóttir. Skipulögð var sumarferð sem því miður tókst ekki að fara í vegna Covid - ástands í landinu.

Í mars 2021 var streymisfundur Sjúkraliðafélagsins sem mjög gagnlegt var að fylgjast með.

Ég vil að endingu þakka stjórninni fyrir vel unnin störf og vonandi getum við haft aðalfund í nóvember 2021.

Virðingarfyllt,  
Erla Bára Andrésdóttir, formaður eftirlaunadeildar